

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, Jón Þorsteinsson, Gunnlaugur Marteinsson og Ingimundur Halldórsson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn áfrýjandanum, Carl P. M. Nielsen, stórkaupmanni í Kaupmannahöfn 6,000 — sex þúsund — krónur, með 6 % ársvöxtum frá 10. febrúar 1910 til borgunardags, og í málskostnað fyrir báðum dómum 60 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 49/1911

Halldór Jónasson  
gegn  
Eyólfi Jónssyni.

#### D ó m u r :

Áfrýjandi þessa máls, Halldór Jónasson, kaupmaður á Siglufirði, var með gestaréttardómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, uppkveðnum 10. júní f. á., dæmdur til að greiða stefnda, Eyólfi Jónssyni, útbússtjóra á Seyðisfirði, 4311 kr. 78 aura, með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, til lúkningar skuld Magnúsar Blöndals, fyr kaupmanns á Akureyri, til Aalgaards Uldvarefabrikker í Noregi, er áfrýjandi hafði gjörst sjálfskuldarábyrgðarmaður að, en málskostnaður fyrir gestaréttinum var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfryjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 14. október f. á. og haldið fram öllum sömu kröfum og fyrir undirréttinum, aðallega að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara að verða að eins dæmdur til að greiða þann hluta umstefndrar skuldar vaxtalausán, er stefndi sannar að sé innheimt vinnulaun og kostnaður á dúkum, eða sé að minsta kosti vinnulaun og kostnaður á dúkum, er Magnús Blöndal hafi skuldað stefnda samkvæmt yfirlýsingu 23. júlí 1900 og Kommissionær-Instrux 22. maí 1897, þó þannig, að frá þessari upphæð verði dregnar kr. 3,600, sem greiddar hafa verið samkvæmt reikningi stefnda; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum réttum. Stefndi krefst aftur á móti, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru sem nú skal greina. Árin 1898—1906 var Magnús Blöndal, áður kaupmaður á Akureyri, umboðsmaður fyrir áðurnefndar klæðaverksmiðjur í Norgei, þó svo, að hann skyldi gera stefnda, sem var aðal-umboðsmaður verksmiðjanna hér á landi, reikningsskil fyrir umboðsrekstri sínum. Starf Magnúsar Blöndals, samkvæmt erindisbréfi hans, var það, að taka við ull og tuskum frá viðskiftamönnum, senda þetta verkefni til verksmiðjanna, taka á móti unninni vöru frá þeim og afhenda hana eigendum gegn borgun vinnulaunanna. Gjaldfrest á vinnulaunum mátti hann eigi veita, og gjörði hann það, skyldi hann samstundis standa verksmiðjunni skil á þeim upphæðum, er hann veitti líðun á. Þessum reglum skuldbatt Magnús Blöndal sig til að fylgja með yfirlýsingu, dags. 23. júlí 1900, sem að framan getur. Þegar Magnús Blöndal hætti



umboðsrekstrinum 1906, var hann kominn í töluverða skuld við verksmiðjurnar og fekk hann þá áfrýjanda og 2 menn aðra til að gerast ábyrgðarmenn fyrir skuldinni; er ábyrgðarskjalið, sem áfrýjandi undirskrifaði 2. maí 1906, þannig orðað, að hann tekur að sér ábyrgð, sem sjálf-skuldarábyrgðarmaður »in solidum« á skaðlausri greiðslu á upphæðum þeim, er kaupmaður Magnús Blöndal skuldar og framvegis kann að skulda stefnda fyrir vinnulaun og kostnað á dúkum frá Aalgaards ullarverkmiðjum í Nor-egi. Þetta ábyrgðarskjali afhenti Magnús Blöndal stefnda og í skjali dags. 21. ágúst s. á. gaf hann út viðurkenningu um að hann skuldaði stefnda vegna »Aalgaards Uldvarefabrikker« kr. 7911,78, og lofaði að borga skuldina með jöfnum afborgunum á 4 árum og að auki 5<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vexti p. a. af eftirstöðvum skuldarinnar 1. janúar 1907, unz hún væri að fullu greidd. Þessi viðurkenning kemur heim við reikning frá stefnda yfir allar tövörusendingar frá verksmiðjunum til M. Blöndal, meðan hann hafði umboðið og er skuld hans samkvæmt reikningnum hin sama og hin viðurkenda upphæð. Í ársbyrjun 1909 hafði M. Blöndal greitt kr. 3,600 af skuldinni, en ógreitt var eftir reikningi stefnda, að meðtöldum vöxtum, kr. 5564,52, og þá upphæð krafðist stefndi að fá sér dæmda fyrir undirréttinum, en með dómnum voru vextirnir, kr. 1252,74, feldir burtu, og koma þeir því eigi til álita, með því að málinu er eigi gagnáfrýjað.

Til stuðnings kröfum sínum heldur áfrýjandi því aðallega fram, að orðin í viðurkenningarskjali M. Blöndal, »skulda . . . . vegna Aalgaards Uldvarefabrikker«, séu miklu víðtækari en orð ábyrgðarskjalsins: »skuldar fyrir vinnulaun og kostnað á dúkum frá Aalgaards ullarverk-

smiðjum«; hann staðhæfir, að M. Blöndal hafi átt önnur skuldaskifti við verksmiðjur þessar heldur en þau, er lúta að vinnulaunum og kostnaði á dúkum; á þeim skuldaskiftum beri hann enga ábyrgð, en þau séu talin með í viðurkenningarskjalinu og reikningi stefnda, þó að það sjáist eigi af honum, enda sé hann illa sundurliðaður, og orðið »tóvinnureikningur«, sem haft er um því nær alla gjaldliði hans, svo ónákvæmt, að í honum geti falist ýmislegt annað en vinnulaun og kostnaður á dúkum. Ennfremur álitur áfryjandi, að í hinni umstefndu upphæð séu talin óinnheimt vinnulaun fyrir dúka, sem M. Blöndal hafi eigi borið ábyrgð á, og fyrir dúka, sem hafi brunnið í eldsvoða hjá honum haustið 1906, svo og heimildarlaust reiknaðir vextir af skuld M. Blöndals á hverju ári meðan viðskiftin stóðu.

Við þessar varnarástæður áfryjanda er það fyrst að athuga, að hann hefir eigi sýnt fram á eða bent á neinar líkur til þess, að M. Blöndal hafi átt önnur viðskifti við nefndar verksmiðjur heldur en þau, sem sprottin voru af umboðsrekstri hans fyrir verksmiðjurnar samkvæmt erindisbréfi hans. Orðin: skuldar vegna »Aalgaards Uldvarefabrikker« geta að vísu verið viðtækari, en þau þurfa eigi að vera það, og ekkert, sem fram er komið í málinu, bendir á að þau séu það. Áfryjandi hefir eigi leitt nein rök að því, að verksmiðjurnar hafi yfirleitt átt nein önnur viðskifti hér á landi, heldur en að vinna dúka úr verkefni, er þeim var sent héðan, né að M. Blöndal hafi haft á hendi nein önnur störf fyrir verksmiðjurnar heldur en þau, er að þessum viðskiftum lúta, eða það hann hafi meðtekið neitt frá verksmiðjunum, og þó að í reikningi stefnda sé talin að eins upphæð tóvinnureikninganna, er fylgdu



hverri vörusendingu frá verksmiðjunum, en ekki nefndir viðskiftamenn, er vörurnar voru unnar fyrir, þá er, eftir því, sem að öðru leyti er framkomið í málinu, engin ástæða til að ætla, að þar sé um aðra tóvinnu að ræða en vinnu á dúkum. Með viðurkenningarskjalinu 21. ágúst 1906 hefir M. Blöndal viðurkent réttan þennan reikning, sem skjalið sýnilega er miðað við, og með því að reikningurinn, þó að hann verði að teljast nægilega sundurliðaður, ber ekki með sér, að þar sé talið neitt það, er eigi á skylt við ábyrgð áfrýjanda, og áfrýjandi hefir heldur eigi sýnt fram á það með neinum rökum, eða gert það á neinn hátt sennilegt, að þvílíkir póstar felist þó í reikningnum, verður sú varnarástæða hans, að viðurkenning M. Blöndal taki yfir aðrar kröfur en þær, er áfrýjandi hefir ábyrgst, eigi talin á rökum byggð. Hið sama er um vexti, er áfrýjandi segir vera talda með í reikningnum, að þeir sjást eigi þar tilfærðir og stefndi neitar að svo sé.

Þá hefir áfrýjandi haldið því fram, að M. Blöndal beri ekki að borga öll þau vinnulaun og kostnað á dúkum, er talið sé í reikningnum, en þar frá eigi að dragast óinnheimt vinnulaun og vinnulaun fyrir brunna dúka, sem fyr segir. Áfrýjandi hefir þó eigi gegn mótmælum stefnda fært sönnur á það, að M. Blöndal hafi átt óinnheimt vinnulaun eða að dúkar frá verksmiðjunum hafi brunnið hjá honum, en þótt svo hafi verið, verður að líta svo á, að M. Blöndal hafi með skjalinu 21. ágúst 1906 skuldbundið sig til að standa stefnda skil á vinnulaunum af öllum þeim dúkum, er hann þá hafði meðtekið, en eftir það meðtók hann enga dúka frá verksmiðjunni, hvort sem hann hafði innheimt vinnulaunin eða afhent dúkana ellegar ekki. Varakrafa áfrýjanda um

frádrátt þessara vinnulauna frá kröfu stefnda getur því eigi komið til álita, enda er ekkert upplýst um upphæð þeirra.

Enn hefir áfrýjandi fyrir yfirdóminum talið sér til sýknunar þá ástæðu, að hann sé með öllu laus við ábyrgðina, sakir vanrækslu stefnda og tómlætis að ganga eftir skuldinni hjá M. Blöndal. Stefndi hefir mótmælt þessari varnarástæðu sem ótímabærri, af því að hún kom eigi fram við undirrétt, og krafist að hún verði að engu metin, og verður að fallast á þá kröfu.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaðan hin sama sem í hinum áfrýjaða dómi, og ber því að staðfesta hann að því leyti sem honum er áfrýjað.

Eftir málavöxtum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 60 krónur.

#### Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardóminum skal óraskað. Áfrýjandi Halldór kaupmaður Jónasson greiði stefnda Eyjólfu útbústjóra Jónssyni 60 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.